

## **Imagine (á íslensku)**

**Að hugsa himnaríki  
og helvíti ekki til  
aðeins jörð og himin  
það er auðvelt ef ég vil.  
Að hugsa að allir lifðu  
og hrærðust hér og nú.**

**Hugsaðu þér hvergi  
nein landamæri lögð  
að drepa og deyja fyrir  
né deilt um trúarbrögð.  
Já hugsaðu þér heiminn  
halda grið og frið.**

**Mér er sagt ég sé með óra  
en ég er ekki einn um það  
Já komdu með,  
við höldum hópinn  
gerum heiminn að griðastað.**

**Að hugsa sér ef engar  
eignir væru til  
græðgi og hungur horfin,  
hvergi ranglátt spil  
Að hugsa öll gæði heimsins  
og jarðar deilast jafnt**

**Mér er sagt ég sé með óra  
en ég er ekki einn um það  
Já komdu með,  
við höldum hópinn,  
gerum heiminn að einum stað.**